Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 08.11.2019
Tilvísun vor: M-2019-265/08.03

Efni: **Drög að Sóknaráætlun Austurlands 2020 til 2024**

Vísað er til máls nr. S-271/2019 í samráðsgátt stjórnvalda þar sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kynnir drög að *Sóknaráætlun fyrir Austurland 2020 til 2024* og leitar umsagna um drögin. Landsvirkjun hefur kynnt sér gögn um málið sem birt eru á samráðsgáttinni og vill nýta tækifærið til að koma að umsögn þessari.

Stærsta aflstöð Landsvirkjunar, Fljótsdalsstöð, er á Austurlandi og eru virkjunarmannvirki Kárahnjúkavirkjunar í tveimur sveitarfélögum á svæðinu. Jafnframt er raforka frá virkjuninni að langmestu leyti nýtt í einu fyrirtæki á svæðinu, Alcoa Fjarðaáli. Virkjunin og álverið hefur haft mikil áhrif á svæðinu og þróun þess.

Í stefnu Landsvirkjunar um samfélagslega ábyrgð er m.a. lögð áhersla á gott samstarf við samfélagið með því að stuðla að gegnsæjum vinnubrögðum og gagnvirku upplýsingaflæði þannig að samfélagið njóti góðs af starfsemi fyrirtækisins. Einnig er lögð áhersla á að skapa virði fyrir atvinnulíf og samfélag með því að miðla þekkingu og stuðla að nýsköpun. Á svæðinu hefur um langt skeið verið mikið og gott samstarf við nærsamfélagið í anda þessa. Landsvirkjun hefur haft gagn af því og fengið góðar ábendingar um það sem betur má fara.

Haustið 2017 unnu þrír vottaðir erlendir sérfræðingar úttekt á Fljótsdalsstöð á grundvelli alþjóðlegs matslykils um sjálfbæra nýtingu vatnsafls (e. *Hydropower Sustainability Assessment Protocol*). Í úttektinni voru teknir til nákvæmrar skoðunar 17 flokkar sem varða rekstur Fljótsdalsstöðvar og eiga að gefa mynd af því hversu vel starfsemin fellur að alþjóðlegum viðmiðum um sjálfbæra þróun. Sem dæmi um flokka má nefna samskipti og samráð, stjórnun á umhverfislegum og samfélagslegum þáttum, vatnsauðlindina, vinnuafl og vinnuaðstöðu, líffræðilegan fjölbreytileika og framandi tegundir ásamt rofi og setmyndun. Við úttektina var meðal annar rætt við marga sveitarstjórnarmenn og hagsmunaaðila á svæðinu. Lesa má nánar um úttektina á: https://www.landsvirkjun.is/fyrirtaekid/fjolmidlatorg/frettir/frett/rekstur-fljotsdalsstodvar-framurskarandi/

Landsvirkjun hefur unnið að nokkrum verkefnum sem styðja samfélag og atvinnulíf á svæðinu. Nokkur dæmi:

- Í aðdraganda Kárahnjúkavirkjunar ýttu Alcoa Fjarðaál og Landsvirkjun úr vör sjálfbærniverkefni til að fylgjast með áhrifum virkjunarinnar og álversins á samfélag, umhverfi og efnahag á Austurlandi. Fylgst er með þróun 46 vísa og beitt enn fleiri mælikvörðum til að fylgjast með breytingum. Fyrirtækin hafa samið við

Austurbrú um umsjón með verkefninu. Á vef verkefnisins (www.sjalfbaerni.is) eru ítarlegar upplýsingar um það.

- Í tilefni af tíu ára voru liðin frá því að álverið og virkjunin hófu rekstur fengu eigendur sjálfbærniverkefnisins Félagsvísindastofnun Háskóla Ísland til að gera úttekt á verkefninu sem fæli í sér að rýna tilgang og umfang þess, verklag og val á vísum, þróun og markmið samfélagsvísana sem og ávinning, birtingu og eftirfylgni niðurstaðna. Auk þess var markmiðið að greina samfélagsvísana með hliðsjón af félagsvísum velferðarráðuneytisins. Gerð er grein fyrir niðurstöðum í skýrslunni: *Sjálfbærniverkefnið á Austurlandi. Mat á samfélagsvísum og verklagi verkefnisins* (LV-2017-107).
- Vegagerð vegna framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun hefur gert aðgengi að hálendinu greiðara fyrir ferðamenn á áhrifasvæði virkjunarinnar. Við Kárahnjúkastíflu rekur Landsvirkjun salernisaðstöðu fyrir ferðamenn, þar eru upplýsingaskilti og þar hefur verið leiðsögn tvo daga í viku á sumrin.
- Meðal skilyrða sem sett voru við veitingu virkjunarleyfis iðnaðarráðherra fyrir Kárahnjúkavirkjun var: *Framkvæmdaraðili skal í samráði við Náttúrustofu Austurlands standa að nauðsynlegri viðbótarvöktun hreindýra á fyrstu 10 árum á starfstíma virkjunarinnar til að staðreyna að áhrif virkjunarinnar á hreindýrastofninn séu ekki meiri en gert er ráð fyrir í matsskýrslu.* Með viðbótarvöktun hefur einkum verið aflað aukinnar þekkingar á farleiðeiðum og burðarsvæðum hreindýra. Þrátt fyrir að virkjunin hafi starfað í meira en 10 ár hefur vöktun verið framhaldið. Meðal annars styrkir Landsvirkjun samstarf Náttúrustofunnar og norskra vísindamanna um rannsóknir á vetrarbeit.
- Landsvirkjun lagði fram stofnaframlag til Landbótasjóðs Norðurhéraðs og greiðir árlega til sjóðsins. Upphaflega var greitt samkvæmt samkomulagi vegna mótvægisaðgerða, en það samkomulag var framlengt um fimm ár.
- Í samvinnu við Veiðifélag Lagarfljóts er unnið að mótvægisaðgerðum vegna minnkandi fiskgengdar í Lagarfljóti. Fyrstu niðurstöður eru jákvæðar og hefur laxveiði aukist mikið í Lagarfljóti.
- Samfara rekstri miðlunar í Hálslóni hafa lífsskilyrði í Jökulsá á Dal breyst mikið og er áin orðin að góðri laxveiðiá fram eftir sumri.
- Landsvirkjun er einn af stofnaðilum Jarðbaðanna við Mývatn og er þriðji stærsti hluthafinn í félaginu. Jarðböðin eru stofnaðili í Vök Baths í Urriðavatni með tæplega helmings hlut og hafa tekið virkan þátt í að uppbyggingunni við Urriðavatn.
- Landsvirkjun hefur átt í viðræðum við Fljótsdalshérað um að fyrirtækið komi að stofnun Ormsstofa, en niðurstöður liggja ekki fyrir.

Rétt er að vekja athygli á þátttöku Landsvirkjunar í fáeinum verkefnum á öðrum starfssvæðum fyrirtækisins í þessu sambandi.

- Í ljósi góðrar reynslu af sjálfbærniverkefninu á Austurlandi ákvað Landsvirkjunar að setja á laggirnar sjálfbærniverkefni á Norðausturlandi (*www.gaumur.is*) sem gefur tækifæri til að fylgjast með áhrifum Þeistareykjavirkjunar á samfélag, efnahag og umhverfi.

- Á Norðurlandi hefur Landsvirkjun ásamt Norðurorku, Orkuveitu Húsavíkur og Eyþingi tekið þátt í samstarfsverkefninu *Eimur (www.eimur.is)* um bætta nýtingu orkuauðlinda, einkum jarðvarma, og nýsköpun í sjálfbærni- og orkumálum á Norðurlandi eystra.
- Orkusýningin Orka til framtíðar var opnuð í Ljósafossstöð árið 2015. Sýningin er opin alla daga og á síðasta ári heimsóttu sautján þúsund gestir sýninguna. Þá rekur Landsvirkjun Þjóðveldisbæinn í samstarfi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp og mennta- og menningarmálaráðuneytið en rúmlega sex þúsund gestir komu í bæinn á sl. ári.
- Landsvirkjun hefur um langt skeið tekið á móti gestum í Kröflu yfir sumartímann, en Krafla er eitt frægasta jarðhitasvæði heims. Síðasta sumar heimsóttu yfir sautján þúsund manns gestastofuna. Í gestastofunni í Kröflu er lögð áhersla á jarðvarmann, sögu og nýtingu, auk tækifæra sem tengjast honum.
- Endurnýjanlegir orkugjafar eru hluti af sterkri ímynd Íslands og mikil tækifæri eru til nýsköpunar m.a. aukinnar verðmætasköpun í ferðaþjónustu, gagnaverum, þörungaræktun og vörum og þjónustu er tengjast heilsu og vellíðan. Eimur (www.eimur.is) er gott dæmi um samstarfsverkefni sem snýr að bættri nýtingu orkuauðlinda og nýsköpun í sjálfbærni- og orkumálum á Norðurlandi eystra. Að verkefninu standa auk Landsvirkjunar, Norðurorka, Orkuveita Húsavíkur og Eyþing.

Ástæða er til að vekja athygli á nýlegum skýrslum sem gætu komið að gagni við vinnu samtakanna að þessu þýðingarmikla verkefni. Rétt er að taka fram að fleiri verkefni og skýrslur Landsvirkjunar geta gangast við áætlunargerð sem þessa, t.d. rannsóknir á sviði gróðurs, fugla og hreindýra eru unnar af Náttúrustofu Austurlands og vatnafisks sem unnar eru af Hafrannsóknastofnun.

- Í skýrslunni *Kárahnjúkavirkjun. Framkvæmd skilyrða fyrir virkjunarleyfi* (LV-2017-024) er farið yfir með hvaða hætti Landsvirkjun hefur höndlað ýmis skilyrði sem sett voru fyrir veitingu virkjunarleyfis. Í fyrsta lagi skilyrði sem umhverfisráðherra setti í tengslum við úrskurð sinn um mat á umhverfisáhrifum, í öðru lagi fyrirheit sem Landsvirkjun gaf í matsskýrslu og í þriðja lagi viðbótarskilyrði iðnaðarráðherra.
- Í skýrslunni *Gróðurbreytingar 2006–2017 við Lagarfljót og Jökulsá á Dal á Úthéraði, áhrif Kárahnjúkavirkjunar* (LV-2018-096) gerir Náttúrustofa Austurlands grein fyrir niðurstöðum rannsókna á breytingum á gróðri og grunnvatnsstöðu á Úthéraði.
- Í skýrslunni *Gróðurvöktun á Vesturöræfum. Samanburður á samsetningu og þekju gróðurs árin 2007 og 2017* (LV-2018-095) er gerð grein fyrir vöktun sem Náttúrustofa Austurlands hefur sinnt fyrir Landsvirkjun í Kringilsárrana og á Vesturöræfum sem og breytingum á gróðri milli áranna 2007 og 2017.
- Í skýrslunni *Vistferilsgreining raforkuvinnslu með vatnsafli: Fljótsdalsstöð* (LV-2018-064) eru metin umhverfisáhrif frá framleiðslu og flutningum byggingarefna, framleiðslu og flutningum vél- og rafbúnaðar, orkunotkun og úrgangi frá framkvæmdum og rekstri stöðvarinnar í 100 ár.

Landsvirkjun telur framsetningu fyrirliggjandi draga að sóknaráætlun skýra og aðgengilega. Landsvirkjun telur að æskilegt væri að í sóknaráætluninni væri gerð grein fyrir þeim tækifærum sem fólgin eru í orkulindum á svæðinu og nýtingu þeirra. Þrátt fyrir að jarðvarmi á svæðinu sé lítill samanborið við flest önnur landsvæði á Íslandi getur hann verið

undirstaða nýsköpunar og er í því sambandi bent á Vök Baths. Svæðið er ríkt af vatnsorku og raforkuvinnsla og raforkunotkun er mjög mikil innan svæðisins. Sjá má skýr merki um áhrif nýtingarinnar í íbúaþróun á svæðinu síðustu tuttugu árin. Landsvirkjun telur að orkulindirnar á svæðinu séu í senn bæði styrkur og tækifæri fyrir það. Því er hvatt til þess að fjallað verði meira um orkumálin í sóknaráætluninni og þau tækifæri sem kunna að felast í aukinni nýtingu orkulindanna til atvinnuuppbyggingar.

Eins og fram kemur hér að framan vaktar Landsvirkjun hreindýr, fugla, fisk og gróður á áhrifasvæði sínu. Í stöðugreiningu í drögunum er lífríkið talið til styrkleika svæðisins og að það skapi tækifæri. Landsvirkjun er sammála þessu og telur að rannsóknir og mótvægisaðgerðir sem fyrirtækið kostar styðji aukna nýtingu þessara tækifæra.

Í drögunum er ekki fjallað um orkuskipti með beinum hætti. Landsvirkjun hvetur til þess að þau verði skoðuð nánar.

Að lokum

Landsvirkjun hefur áhuga á að rekstur fyrirtækisins og framkvæmdir á svæðinu nýtist þörfum nærsamfélagsins sem best. Góð samskipti, samvinna og samtal er mikilvægt til að tryggja sjálfbæra þróun samfélagsins. Landsvirkjun er reiðubúin til að leggja sitt af mörkum til að vinna að framgangi þess.

Virðingarfyllst,

Hörður Arnarson
forstjóri

Rafrænt afrit: jona@austurbru.is